

**Ed.**

**194. Nefndarálit**

[121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Ég tel þá stefnumörkun þessa frumvarps vel álitsverða, að einstaklingum sé gert í aðhaldsskyni að taka aukinn þátt í læknis- og meðalalakostnaði. Sömuleiðis að auka kostnaðar- og ábyrgðarþátt sveitarfélaga í rekstri sjúkrahúsa. Hins vegar tel ég tíma til þessarar stefnubreytingar rangt valinn og hún m. a. af þeim sökum ekki koma til greina.

Svo sem allir vita, er kaupgeta og greiðsluþol almennings nú þverrandi og byrjandi atvinnuskortur á sumum sviðum. Boðuð útgjaldahækkun þessa frumvarps getur því komið mjög illa við fjölda fólks og að sjálfsögðu sums staðar helst þar sem síst skyldi.

Þá tel ég fráleitt að ætla sveitarfélögum að ná auknum kostnaði sínum við sjúkra-tryggingar með 1% álagi á gjaldstofn útsvara, svo firna ranglátur sem sá gjaldstofn er orðinn í reynd og nánast að meginmagni launþegaálögur, en atvinnurekstur og atvinnurekendur bera minnstan bagga af og oft engan.

Loks verður hér að benda á, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, gerir ráð fyrir um 1.7 milljarða útgjaldahækkun á almenning, þvert ofan í yfirlýsta stefnu a. m. k. annars stjórnarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, sem hlaut efalítið sigur í síðustu þingkosningum ekki síst vegna loforða um aðhaldsemi í fjármálum ríkis og loforða um hófsemi í álögum á almenning. Og þó að þau leikbrögð virðist vinsæl hjá hæstv. núverandi ríkisstjórn að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni, — sbr. lofaða skattalækkun s. l. vor í samningum við launþegasamtökin, tekna til haka með 12% vörugjaldinu, og nú millifærslu útgjalda ríkis til almannatrygginga yfir á bak einstaklinga og sveitarfélaga, — þá skyldi enginn ætla almenning svo sjóndapran, að hann sjái ekki gegnum þennan skollaleik.

Á meðan ríkisvaldið þannig gerir enga alvarlega tilraun sjálft til að spara í rekstri sínum, heldur veður áfram í óspilunarsemi sinni, svo að blöskrun veldur, sbr. t. d. eyðslur viðskiptaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis fram yfir fjárlög s. l. ár, þá er þess alls ekki að vænta, að almenningi þyki nokkur sanngirni í, að á hann séu lagðar nýjar stórfelldar álögur.

Að öllu framansögðu athuguðu legg ég til, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1975.

Bragi Sigurjónsson.